

Starfsreglur fagráða SSNE

Í 16. gr. samþykktá SSNE er kveðið á um fagråd SSNE og skulu þau starfa á grundvelli samnings um sóknaráætlun Norðurlands eystra. Fulltrúar í fagráðum eru skipaðir af ársþingi samkvæmt tillögu stjórnar, til tveggja ára í senn. Stjórn SSNE semur jafnframt starfsreglur fagráðanna sem staðfestar skulu á þingfundi samtakanna.

1. Tilgangur og hlutverk fagráðanna

Tilgangur fagráðanna er að benda á sóknarfæri á sviði atvinnu-, nýsköpunar- og menningarmála sem efla munu landshlutann. Fagráðunum er jafnframt ætlað það hlutverk að koma með tillögur að áhersluverkefnum sóknaráætlunar og sértækum eða tímabundnum áherslum Uppbyggingarsjóðs í samráði við úthlutunarnefnd. Fagráðin skulu gæta þess í störfum sínum að móta áherslur í samræmi við gildandi sóknaráætlun landshlutans og kappkosta að hafa faglega heildarsýn að leiðarljósi

Fagråd menningar og atvinnuþróunar og nýsköpunar skulu hvort á sínu sviði gera tillögur og umsagnir til stjórnar SSNE, er varða stefnu og framtíðarmarkmið SSNE á sviði viðkomandi fagráðs og starfs- og fjárhagsáætlun SSNE. Stjórn SSNE getur vísað til fagráða málum og verkefnum til umsagnar eða afgreiðslu.

2. Hæfi og óhæði fulltrúa í fagráði

Við skipan fagráða skal tryggð sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

3. Hámarks skipunartími

Fulltrúar í fagráðum eru skipaðir af ársþingi samkvæmt tillögu stjórnar, til tveggja ára í senn. Að jafnaði skal sami einstaklingur ekki sitja lengur en þrjú skipunartímabil samfellt. Þó skal tryggt að ávallt séu þeir í hverju fagráði sem setið hafa þar áður.

4. Hlutverk formanns

Formaður fagráðs kemur fram fyrir hönd þess, þ.á.m. gagnvart stjórn SSNE, úthlutunarnefnd og framkvæmdastjóra.

Formaður ber meginábyrgð á verklagi fagráðsins og skal sjá til þess að ráðið fái sinnt hlutverki sínu með virkum hætti og að fulltrúar séu upplýstir um þau mál sem til umfjöllunar eru hjá fagráðinu á hverjum tíma.

Formaður tekur ákvörðun um fjölda og tímasetningu funda fagráðsins og skulu þeir vera í samræmi við starfsáætlun. Formaður ber jafnframt ábyrgð á að útgjöld SSNE vegna vinnu fagráðsins séu í samræmi við fjárhagsáætlun.

Formaður stýrir fagráðsfundum og gerir dagskrá funda í samstarfi við stjórnarformann og framkvæmdastjóra SSNE.

Formaður fagráðs skal tryggja að á fagráðsfundum sé nægilegur tími gefinn til umræðna og ákvarðanatöku, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.

Formaður fagráðs þarf að gæta þess að allir fulltrúar fái sömu upplýsingar.

5. Undirbúningur, boðun, dagskrá og framkvæmd funda

Boða skal til fyrsta fundar nýskipaðs fagráðs svo fljótt sem kostur er, þó eigi síðar en einum mánuði frá skipun ráðsins. Fagráðið getur kosið ritara úr sínum hópi eða falið starfsmanni ritun fundargerða.

Formaður, eða verkefnastjóri hjá SSNE í umboði hans, boðar til fundar og skal fundarboð berast fulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg teljast til þess að fulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem eru á dagskrá fundar.

Fagráðsfundir eru að jafnaði haldnir með rafrænum hætti.

Boða skal til fagráðsfundar innan 14 daga óski a.m.k. tveir fulltrúar eftir því.

Formaður fagráðs hefur í einstaka tilvikum heimild til að boða til skyndifundar með skemmri fyrirvara en starfsreglunar kveða á um, enda sé það mat hans að málefni sem ræða skal á fundinum þoli ekki bið. Með samþykki fagráðs er formanni heimilt að boða ólaunaða fundi til viðbótar skipulögðum fundum. Skulu þær ákvarðanir færðar til bókar á næsta reglubundna fagrásfundi.

Fulltrúi á rétt á að láta færa í fundargerð bókun er varðar afstöðu hans til afgreiðslu mála.

6. Ályktunarhæfi

Til að fagráðið sé ályktunarbært þurfa allir fulltrúar að hafa fengið fundarboð í samræmi við ákvæði hér að framan og að meirihluti fagráðsins sé mættur.

Einfaldan meirihluta þarf til samþykkis tillögu eða umsagnar. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

7. Vanhæfi og hagsmunaárekstrar

Vísað er til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um vanhæfisástæður.

Fulltrúar í fagráði eiga að koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og SSNE.

Formaður fagráðs skal upplýsa stjórn SSNE ef mögulegur hagsmunaárekstur kann að vera til staðar í tengslum við menn og málefni er tengjast umfjöllun og starfsemi ráðsins.

8. Fundargerðir

Umfjöllunarefni og ákvarðanir fagráðanna skulu færðar í fundargerðir og skulu birtar á vefsíður SSNE en annað efni í samráði við framkvæmdarstjóra og stjórn SSNE. Fundargerð er eftir atvikum borin upp til samþykktar og undirritunar í lok hvers fundar eða send fulltrúum með rafrænum hætti næsta dag til samþykktar. Fulltrúi skal bregðast við með samþykki eða athugasemdum innan tveggja sólarhringa nema annað sé ákveðið. Hafi svar ekki borist að þeim tíma liðnum telst fundargerð samþykkt af viðkomandi fagráðsfulltrúa.

9. Upplýsingagjöf til stjórnar og/eða þinga SSNE

Fagráð skulu semja starfsáætlanir sínar fyrir komandi starfsár þar sem kveðið skal á um dag- og tímasetningar reglulegra funda og dagskrá þeirra. Starfsáætlanir fagráða skulu samþykktar af stjórn SSNE. Jafnframt skulu fagráðin upplýsa stjórn SSNE um framvindu starfs- og fjárhagsáætlana fagráða. Samþykktar fundargerðir fagráða skulu berast til stjórnar og framkvæmdastjóra SSNE og skulu þær birtar á heimasíðu samtakanna.

10. Samskipti við starfsmenn og stjórnarmenn SSNE

Á fundi fagráðs situr verkefnisstjóri SSNE á sviði viðkomandi fagráðs sem áheyrnarfulltrúi og tengiliður. Honum má einnig fela fundarritun sbr. 5.gr.

11. Trúnaður

Þagmælsku skal gætt innan fagráðanna og óheimilt er að greina frá þeim atriðum sem leynt skulu fara.

Samþykkt á ársþingi SSNE 16. apríl 2021.